



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Aðgerðaáætlun velferðarsviðs vegna innleiðingar stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík

Lagt er til að samþykkt verði aðgerðaáætlun velferðarsviðs vegna innleiðingar stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík 2026-2030. Settar eru fram aðgerðir sem unnið verður eftir til að ná fram þeim markmiðum sem skilgreind eru fyrir velferðarsvið í stefnunni. Ekki er gert ráð fyrir að tillagan feli í sér aukakostnað fyrir velferðarsvið.

Greinargerð:

Á fundi borgarstjórnar þann 16. desember 2025, var samþykkt stefna um fjölmenningsborgina Reykjavík 2026-2030. Samkvæmt aðgerðaáætlun stefnunnar skulu fagsvið Reykjavíkurborgar vinna tímasettar aðgerðir fyrir innleiðingu stefnunnar og skulu aðgerðaáætlanirnar lagðar fram til samþykktar í fagráði viðkomandi sviðs.

Í stefnunni eru skilgreind eftirfarandi markmið sem aðgerðaáætlun velferðarsviðs skal miðast við að ná fram:

1. Fjölga starfsfólki með fjölbreyttan menningar-og tungumálabakgrunn til að styðja við framlínubjónustu.
2. Efla samstarf við foreldra barna af erlendum uppruna með fjölþættan vanda eða félagslegar áskoranir.
3. Auka virkni og samfélagslega þátttöku eldri borgara af erlendum uppruna.
4. Huga sérstaklega að ungmennum á aldrinum 16 –18 ára með fjölbreyttan menningar-og tungumálabakgrunn. Að þeim standi til boða menntun, virkni og annars konar valdefling sem styrkir þau bæði í nútíð og til framtíðar.

Í meðfylgjandi aðgerðaáætlun eru settar fram þær aðgerðir og áherslur sem velferðarsvið hyggst vinna eftir til að ná fram ofangreindum markmiðum. Aðgerðaáætlunin er einnig í takt við velferðarstefnu Reykjavíkurborgar og helstu áherslur í aðgerðaáætlun vegna innleiðingar velferðarstefnunnar 2026-2030.

Fylgiskjal:

Aðgerðaáætlun velferðarsviðs vegna innleiðingar stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík 2026-2030.

